

Mars

Pési

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

170 tbl. 14. Árgangur mars. 2004
Útgefandi Hrunamannahreppur.
Ritstj Ísólfr Gylfi Pálmason
Sími:486-6617
E-mail hrni@sudurland.is
og hrni@mmedia.is

Í apríl kemur Pésinn út föstud. 16.mars

Skilafrestur á efni er til 12. apríl.

Fréttatilkynning frá undirbúningshóp áhugamannafélags um verndun sæluhúsa á afrétti Hrunamanna."ÁSÆL"Seint í febrúar hittust nokkrir áhugasamir aðilar um endurbyggingu gömlu kofana á afréttinum. Áhveðið var að stofna áhugamannafélag um verkefnið sem felst í að endurbyggja gömlu torfhúsin í Fosslæk og Svínárnesi og einnig grjótkofann í Leppistungum. Undirbúningshópurinn hefur unnið að kostnaðaráætlun og fjámögnunarleiðum. Formlegur stofnfundur verður haldinn 18.mars.kl.8.30 í Kaffisel.

Allir sem áhuga hafa að taka þátt í þessu verkefni eru hvattir til að mæta. Sýnum samstöðu og hrindum þessari skemmtilegu hugmynd í framkvæmd.Fyrir hönd undirbúningshópsins

Unnsteinn Hermannsson Guðni Guðbergsson.

Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

Andlitsbað

Húðhreinsun

Litun og plokkun

Handsnyrting

Fótsnyrting

Förðun

Vaxmeðferðir

Tímapantanir í síma 566-8342

og 897-3741(Hlíf)

VÖNDULL ehf.-

FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

AÐALFLUTNINGAR ehf.

Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.

Heimaland

Læknir verður til viðtals
í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta
fimmtudag hvers mánaðar eins og
verið hefur undanfarna vetur.

Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga 18:00-22:00

Föstudaga 17:00-21:30

Laugadaga og sunnudaga 13:00-18:00

Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00

Þriðjudaga 16:00-18:00.

Miðvikudaga 16:00-18:00

Fimmtudaga 16:00-18:00.

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-22:00

Föstudaga 13:00-21:00

Laugardaga LOKAÐ

Sunnudaga 14:00-21:00



Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna
föstudagana
26.mars og 16.apríl

Pantið tímanlega.
Tímappantanir í síma:
486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.
Einnig á hársnyrtidegi **893-6084** og **899-9665**.
Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

þriðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá **VM-Flytjanda**

Klettagördum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: fludal@binet.is

Flytjandi

- á réttri leið

Kjaftaklúbburinn Hrunamannahreppur.

Hver eru fyrstu viðbrögð okkar Hrunamanna (eða allavega sumra okkar) þegar eitthvað fer miður hér í hreppnum? Jú, fyrstu viðbrögð eru að finna einhvern blóraböggul sem hægt er að skella skuldinni á, því að ekki er það hægt að láta kyrrt liggja og sætta sig við orðinn hlut.

Ég, ásamt mörgum öðrum hér í sveit, er orðinn langsamlega þreyttur á því að alltaf þurfi að kenna einhverjum um ef eitthvað gerist hér í sveitinni, því oftast eru það sami einstaklingur eða einstaklingar sem fá að kenna á gróusögunum, hvað sem gerist.

Mér þykir miður að búa í samfélagi sem er svo gegnsýrt af kjaftasögum og viðbjóði að maður veit ekki hvaðan á mann stendur veðrið!

Hvaða ánægju hefur fólk af því að ljúga upp á aðra og sverta mannorð þeirra? Hvaða ánægju hefur fólk af því að láta öðrum líða illa? Hvaða ánægju hefur fólk af því að segja kjaftasögur sem verða til þess að einstaklingarnir sem sögurnar eru um fá ekki lengur vinnu? Svo miklar og ógeðfelldar eru kjaftasögurnar að mér verður hreinlega illt!

Sumir eru duglegri en aðrir að búa til sögurnar og fara svo og koma sér fyrir í heita pottinum niðri í sundlaug, sem einhverra hluta vegna virðist vera uppspretta kjaftasaganna því þær þrífast og lifa góðu lífi þar, og býr til og segir þessar viðurstygglegu lygasögur sem ekki einu sinni Gróa á Leiti myndi ekki taka trúanlegar! Taki þeir til sín sem eiga.

Mér finnst að þeir sem hafa gaman af því að rægja aðra og koma óorði á saklaust fólk, eigi nú að reyna að ímynda sér hvernig þeim liði ef einhverjar ógeðfelldar sögusagnir færu á kreik um sig, ef þeir vissu hvers konar óþægindi og jafnvel kvalir þeir þyrftu að ganga í gegn um ef sögur færu af stað um þá myndu þeir eflaust hugsa sig tvisvar um áður en þeir segðu sögur um aðra.

Íbúar Hrunamannahrepps, strengjum þess heit á nýju ári að hætta að breiða út kjaftasögum um aðra og horfum björtum augum fram á veginn í samfélagi sem einkennist af samkennd, ekki leiðindum og biturð.

Í leiðinni vil ég óska öllum sveitungum mínum gleði og hamingju ár nýju ári.

Bjarki Eiríksson
Silfurtúni.

Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Aðalfundur félagsins verður haldinn að Heimalandi
laugardaginn 27.03 og hefst kl. 14:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosið verður um gjaldkera, en fráfarandi gjaldkeri gefur
ekki kost á sér til endurkjörs.

Sólveig Pétursdóttir Félagsmálafulltrúi kemur á fundinn og
heldur fyrirlestur.

Mætum vel. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Árið 2004 kl. 14.00 kom hreppsnefnd Hrunamanna saman til fundar í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason, Þorsteinn Loftsson, Eiríkur Ágústsson og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði fundi. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboðið. Einnig voru lagðar fram greinargerðir fræðslunefndar með fjárhagsáætlun frá því í desember s.l. sem fjallað var um að hluta á síðasta hreppsnefndarfundi. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár sem er eftirfarandi:

Dagskrá:

1. Verndun vatnsbóla í Hrunamannahreppi – seinni umræða. (gögn lögð fram 14. janúar s.l.) **Oddviti kynnti málið, en áður hafði verið fjallað um það á fundi veitustjórnar og síðar á hreppsnefndarfundi 14. janúar s.l. Sveitarstjóri hefur haft samband við fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurlands sem hvetja mjög til þess að vatnsverndaráætlunin verði samþykkt. Talsverð umræða varð um málið m.t.t. Hrunaréttta o.fl. Hreppsnefnd samþykkir vatnsverndaráætlunina samhljóða.**

2. Gamla tún – hugsanlegar framkvæmdir á árinu. **Sveitarstjóri kynnti málið en tilboð hefur borist frá Gröfutækni ehf. í verkið og minnisblað sem hann hefur tekið saman um tilboðið og verkið. Hannibal Kjartansson kom til fundarins og kynnti framkomnar teikningar og hugmyndir að framkvæmdaáætlun. Á minnisblaði sveitarstjóra segir: " Til þess að ráðlegt sé að taka tilboðinu verður að tryggja lánsfé til verksins en það hefur enn ekki tekist". Tilboðið er u.þ.b. 60% af grófri kostnaðaráætlun sem áður hefur verið gerð. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að taka tilboðinu enda er það innan ramma fjárhagsáætlunar ársins svo fremi sem tekst að afla fjár til verksins. Sveitarstjóra er falið að vinna að fjármögnun og framvindu málsins.**
3. Leikskólinn Undraland – fundargerð nr. 1 frá 9. febrúar. **Oddviti kynnti fundargerðina, börnum er að fjölga í skólanum og af þeim ástæðum fjölgar stöðugildum. Í leikskólnum eru nú þrjár deildarstjórar, einn á hverri deild. Fundargerðin er samþykkt samhljóða.**
4. Erindi vegna félagsstarfs í 7. til 10. bekk Flúðaskóla. **Oddviti kynnti málið en sveitarstjóri hefur þegar haft samband við Önnu Kr. Ásmundsdóttur og Sólmund Friðriksson umsjónarmenn félagsstarfsins. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu og hafa samband við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna málsins.**

5. Fræðslunefnd – v. bókasafns fundargerð nr. 1 frá 3. febrúar – og bréf frá bókaverði **Oddviti kynnti málið þar sem ákveðið hefur verið að færa bókasafnið úr Félagsheimilinu yfir í skólann. Einnig hefur verið ákveðið að almenningsbókasafnið heyri undir skólann og sameina söfnin eins og áður hafði verið ákveðið. Fræðslunefndin er ábyrgðaraðili málsins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina samhljóða. En varðandi flutning á safninu er málinu vísað til nefndar sem er að kanna og gerir tillögur um nýtingu skóla- og húsnæði gamla leikskólans. Bókavörðurinn Eva Marin Hlynsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu en er tilbúin að vinna út uppsagnarfrestinn.**
6. Fræðslunefnd – v. Flúðaskóla fundargerð 3. febrúar og fundargerð frá 9. desember ásamt greinargerð.
Oddviti kynnti fundargerðirnar og greinargerðina. Hreppsnefnd fer fram á að fræðslunefnd endurskoði lið 2.821 og 2.851 í greinargerð með fjárhagsáætlun í ljósi breyttrar forgangsröðunar. Að öðru leyti samþykkir hreppsnefnd greinargerðina og fundargerðina. Í fundargerðinni frá 3. febrúar kemur fram að nemendum skólans hefur fjölgað um 10 frá því í haust. Í fundargerðinni er farið yfir helstu þætti starfsins fram til vors. Í fundargerðinni er einnig fjallað um skólalóð o.fl. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina samhljóða.
7. Byggingarnefnd uppsveita Árnassýslu nr. 1 frá 12. janúar. **Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
8. Ársskýrsla byggingarfulltrúa uppsveita Árnassýslu. **Oddviti kynnti ársskýrsluna þar m.a. kemur fram að samþykktar hafa verið 498 teikningar í uppsveitum Árnassýslu á síðasta ári sem er umtalsverð aukning milli ára. Hreppsnefnd staðfestir ársskýrsluna.**
9. Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu fundargerð frá skipulagsnefnd frá 12. febrúar. **Oddviti kynnti fundargerðina en í skipulagsnefndinni sitja allir oddvitar uppsveita Árnassýslu. Nefndin fundar annan þriðjudag í hverjum mánuði og fram koma í fundargerðinni helstu áherslu- og verkþættir nefndarinnar. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
10. Gerð auðlindakorts af Hrunamannahreppi frá ÍSOR. **Sveitarstjóri kynnti málið. Sveitarstjóri, hitaveitustjóri og formaður veitustjórnar hafa farið á fund Kristjáns Sæmundssonar og Gríms Björnssonar hjá ÍSOR vegna hugmynda að kortlagningu auðlindakorts af Hrunamannahreppi. Mjög merkilegar upplýsingar eru til um svæðið hjá Orkustofnun. Sveitarstjóra falið að sækja um styrk til verkefnisins til Orkusjóðs þegar styrkveitingar verða auglýstar síðar á árinu.**
10. Bréf varðandi ræktun fugla frá Ragnari Árnasyni og Kristjáni Hall. **Oddviti kynnti málið en erindi hefur borist frá þeim Ragnari Árnasyni og Kristjáni Hall en þeir hafa áhuga á að flytja inn skrautfugla frá Suður-Afríku og rækta á Flúðum. Þeir hafa**

- áhuga á að leigja gróðurhúsin í Laxárhlíðar undir þessa starfsemi. Hreppsnefnd hefur áhuga á að fylgjast með málinu en vísar erindinu til Landbúnaðarráðuneytisins þar sem þeir eru eigendur gróðurhúsanna og hafa allt um þetta mál að segja.**
11. Erindi til svæðismiðlunar Suðurlands frá Hrunamannahreppi. **Sveitarstjóri kynnti erindi sem hann hefur sent Svæðismiðlun Suðurlands þar sem sótt er um styrk til þess að ráða fólk af atvinnuleysisráði til sérstakra verkefna annarsvegar við áhaldahús hreppsins hins vegar við Félagsheimilið og önnur verkefni sem til falla hjá hreppnum.**
 12. Fundargerð oddvitafundar frá 23. janúar. **Oddviti kynnti fundargerðina. Á fundinum var m.a. samþykkt hlutfall kostnaðarskiptingar sveitarfélaganna vegna byggingafulltrúaembættisins og er hlutur Hrunamannahrepps 17% af heildarkostnaði. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
 13. Fundargerð frá oddvitum og sveitarstjórum frá 2. febrúar. (Minnisblöð frá Rögvaldi Guðmundssyni) **Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað um sameiginleg kynningar- og markaðsmál uppsveita Árnessýslu fyrir árið 2004. og ýmsar hugmyndir kynntar þar að lútandi. Hreppsnefnd staðfestir fundargerðina.**
 14. SASS vegna "Samstarfssamnings um menningarmál". **Oddviti kynnti málið. Hreppsnefnd lýsir ánægju sinni með samstarfssamninginn.**
 15. FSU. fundargerðir 11. og 12. fundar byggingarnefndar og 11. fundar ípróttahúss. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 16. Skólaskrifstofa Suðurlands fundargerð 70 stjórnarfundur frá 28. janúar. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 17. Tónlistarskóli Árnesinga, fundargerð nr. 125 frá 28. janúar. **Oddviti kynnti fundargerðina en í henni er einnig ársreikningur skólans.**
 18. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 62. fundur frá 18. febrúar. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 19. Sorpstöð Suðurlands 111. fundur frá 28. janúar. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 20. Bréf frá sveitarfélaginu Ölfus vegna Sorpstöðvar Suðurlands. **Oddviti kynnti bréfið.**
 21. SASS fundargerð 373. stjórnarfundur frá 6. febrúar. **Oddviti kynnti fundargerðina.**
 22. Félag leikskólakennara – leikskóladagur. **Oddviti kynnti fundargerðina og ákveðið að vísa erindinu til fræðslunefndar.**
 23. Umsókn um viðbótarlán: **Oddviti kynnti erindi sem borist hafði frá íbúa**

**Hrunamannahrepps vegna viðbótarláns.
Sveitarstjóra falið að skoða málið og ljúka
því ef tilskyldar kröfur eru uppfylltar.**

24. Fyrirspurnir frá Erni Einarssyni. **Oddviti kynnti minnisblað sem borist hefur frá Erni Einarssyni. Ákveðið er að boða Örn á næsta hreppsnefndarfund til þess að ræða þessar hugmyndir.**

Til kynningar:

- Samband ísl. sveitarfélaga:
 - a. 191 fundur launanevndar frá 4. febrúar
 - b. Sveitarstjórnarráðsetefna Evrópuráðsins
 - c. 710. stjórnarfundur
 - d. Grunnskólaping sveitarfélaga – 26. mars n.k.
 - i. Umsóknir um lóðir (sent skipulagsfulltrúa)
 - ii. **Úrskurður vegna deiliskipulags í íbúðabyggð á Bakkatúni. Oddviti kynnti úrskurðinn sem er frá 19. febrúar s.l. Þar kemur fram í úrskurðarorðum: “Kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar hreppsnefndar Hrunamannahrepps frá 24. ágúst 2000, að samþykkja deilidkipulag fyrir íbúðabyggð á Bakkatúni, Flúðum, Hrunamannahreppi er hafnað.” Þar með er ljóst að gildandi deiliskipulag er endanlega staðfest. Sveitarstjóra falið að senda Vegagerðinni úrskurðinn.**

- iii. Óbyggðanefnd þjóðlendur á Suðvesturlandi
- iv. Embætti yfirdýralæknis – vegna riðuveiki.
- v. Almannavarnir Árnessýslu – fundargerð frá 12. febrúar
- vi. Brunavarnir Árnessýslu – 54 fundur stjórnar
- vii. Málefni Fjalla – Eyvindar frá Hirti Þórarinssyni.
- viii. Samningur um snjómokstur
- ix. Samningur um skráningu atvinnuleysis
- x. Félagsmálaráðuneytið – daggæsla barna í heimahúsum.
- xi. Umhverfisstofnun – endurgreiðsluhlutfall vegna refa og minkaveiða.
- xii. Félagsmálaráðuneytið – Jöfnunarsjóður úthlutun 2004.
- xiii. Félagsmálaráðuneytið – bréf frá 20 febrúar

Sveitarstjóri fór yfir nokkur mál sem tengjast skrifstofuhaldi, áhaldahúsi og innra starfi sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að auglýsa starf á skrifstofu laust til umsóknar og einnig 50 % starf í áhaldahúsi.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 18.15.

Verðmyndun – fyrir hvað erum við að borga?

Við eigum oft svolítið erfitt með að gera okkur grein fyrir verðmyndun vöru og þjónustu. Sumt sem við kaupum er ótrúlega dýrt annað er óskiljanlega ódýrt. Sama má í raun segja um ýmsa þjónustu sem við nýtum okkur eða njótum. Þannig finnum við sem vinnum að sveitarstjórnarmálum, oft fyrir því, að þeir tekjustofnar sem landslög gera ráð fyrir að sveitarfélög innheimti af þegnum sínum, eru af mörgum talin ósanngjörn og oft getur verið erfitt að skýra gjaldheimtuna út fyrir þegnum. Bent hefur verið á að fasteignaskattar séu ósanngjarnir og bitni mismunandi á fólki. Mismunandi notkun er á húsnæði, það á við um íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, sumarhúsum, útihúsum og fleiri dæmi mætti nefna. Á sama hátt veltir fólk fyrir sér skattheimtu í formi þjónustugjalda s.s. vatnsskatt, sorpgjöld, holræsagjöld o.fl. Allar þessar vangaveltur eiga auðvitað rétt á sér. Hins vegar má ekki gleyma því að miklar skyldur eru lagðar á sveitarfélögin og til þess að við getum haldið úti fjölbættri þjónustu, sem við svo sannarlega gerum og eigum að leggja metnað okkar í. Við verðum að hafa tekjur og þetta eru þeir tekjustofnar sem lög gera ráð fyrir og við eigum ekki aðra möguleika. Þess vegna er afar brýnt að þegnarnir standi í skilum sem langflestir gera en það er mesta ósanngirnin fólgin í því gagnvart skilafólki að koma ekki innheimtumálum í lag, þess vegna hvet ég íbúa sveitarfélagsins til þess að gleyma

ekki sveitarsjóði og koma í skil gömlum skuldum við okkur. Útgangspunktur í þeim efnum er 20 mars eftir þann tíma fara útistandandi skuldir sem í vanskilum eru til innheimtu hjá lögmönnum og þá eru þær komnar úr höndum okkar.

Í upphafi pistilsins var ég að velta fyrir mér verðmyndun vöru. En það getur líka verið erfitt að skilja verðmyndun neysluvöru sem við kaupum af nauðsyn eða af frjálsum og fúsum vilja. Það liggur t.d. meiri vinna og natni á bak við framleiðslu á einum lítir af mjólk en einum lítir af sódavatni. En þegar við kaupum vöruna borgum við meira fyrir sódavatnið, þrátt fyrir beingreiðslur sem koma neytandanum vel ekki síður en framleiðandanum. Þannig getum við tekið marga aðra vöruflokka og velt fyrir okkur verðmynduninni. Það liggur t.d. mikil vinna á bak við framleiðslu hvers kíló af kartöflum en skilaverð til framleiðandans er í ótrúlega litlum peningum, þó það komi ekki fram þegar neytandinn kaupir vöruna. Væri ekki fróðlegt ef verðmyndun vöru kæmi fram á strimlinum þegar við verslum. Þá myndum við sjá hvað kemur í hlut framleiðandans, hvað kemur í hlut ríkisins og hvað kemur í hlut seljanda vörunnar. Þá kæmumst við að því hverjir eru í raun vinir neytandans.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri

Frá Vörðukórnum

Þann 21. apríl nk. (síðasta vetrardag) verður kórinn með "danskt matar og menningarkvöld" í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Takið þetta kvöld frá fyrir frábæra skemmtun.
Nánar verður auglýst síðar.

Vörðukórinn

Flúðasnakk nýtt fyrirtæki

Pólsku hjónin Bozena Maria Jozefik og Michal Jerzy Jozefik hafa stofnað fyrirtæki hér á Flúðum og eru að hefja framleiðslu á “snakki” sem kallast Flúðasnakk. Þau hafa fest kaup á vélum og framleiðslan er að fara í gang. “Snakkið” heitir Mais Puffs og er unnið úr maís. Það verður með m.m. bragðefnum. Við óskum þeim hjónum til hamingju með fyrirtækið og vonumst til að það gangi vel. Hér bætist enn eitt fyrirtækið í matvælaframleiðsluna í Hrunamannahreppi.

Stórskemmdur fjallvegur.

Um þar síðustu helgi óku félagar úr klúbbnum 4x4 um vegi á Hrunamannaafreitti og skildu eftir sig svöðusár í veginum þannig að hann er í dag nær ófær. Þeir félagar Bjarni Valur í Skipholti og Unnsteinn í Langholtskoti könnuðu aðstæður með sveitarstjóra. Stjórn klúbbsins 4x4 hefur verið sent bréf vegna þessa og hefur Jóhannes Jóhannesson, einn af stjórnarmönnum klúbbsins, haft samband við sveitarstjóra þar sem þeir lofa að lagfæra það sem úrskaiðis hefur farið. Við verðum að treysta því að svo verði enda var þetta víst umhverfishópur klúbbsins sem var á ferðinni.

Skemmtilegt hjónaball

Hjónaballið á Flúðum var aldeilis glæsilegt og er þeim til mikils sóma sem lögðu á sig ómælda sjálfboðavinnu til þess að gleðja okkur. Það er mikið hópefli fólgið í því að fela íbúum að stjórna og skipuleggja þessa veislu. Fjölmargir hafa hvatt til þess að bragur, "hirðskáldsins" okkar sem Bjarni Harðarson flutti yrði birtur á prenti. Nú þarf bara að kreista út textann.

Frábær þjónusta

Það er frábær þjónusta í ekki stærra sveitarfélagi og okkar að halda úti leigubílaþjónustu eins og hjónin Daníel Halldórsson og Gunn Marit Hals Apeland gera. Frumkvöðull í þessari þjónustu hér á staðnum er Árni Hjaltason veitingamaður á Útlaganum sem ók fólki á limósínu. Framundan eru ýmsar uppákomur hjá honum t.d. er Rúnar Júlíusson farin að greiða hárið og laga eyrnalokkinn fyrir næsta konsert á Útlaganum.

Reykköfunarnámskeið.

Jóhann Marelsson og félagar hans í slökkviliðinu voru á reykköfunarnámskeiði á dögunum. Reykköfunarnámskeið var hér helgina góðu þegar hjónaballið var. Það er mikils virði að hafa gott slökkvilið á staðnum en gott samstarf er á milli Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í þessum málum sem og öðrum. Í umræðunni er að færa aftur slökkviliðsbílana í slökkvistöðina en þeir eru nú í Áhaldahúsi hreppsins.

Örn telur 168 bíla á klukkustund.

Samgöngumál eru hreppsúum hugleikin sem eðlilegt er. Veðráttan að undanförunu hefur verið þannig að malarvegirnir okkar hafa verið illfærir. Það er brýnt að þrýsta á varanlegri vegagerð hér í hreppnum. Þetta er ekki ný umræða núverandi og fyrrverandi oddviti og gamli sveitarstjórinn okkar hafa verið ötulir að benda á þennan vanda og hve brýnt er að koma vegamállum hér í enn betra horf. Örn Einarsson íbúi á Flúðum taldi bílaumferð á Selsvegi þann 15 febrúar s.l. á milli kl. 13.15 og 14.15. Örn segir að veður hafi ekkert verið sérstakt og ekkert sérstakt í gangi í hreppnum. Hann taldi 168 bíla þessa klukkustund. Þetta er ótrúlega mikil umferð á þessum árstíma. Hvernig er þetta á sumrin?

Við þurfum að ganga betur um gámasvæðið.

Tómas Þórir ruslameistarinn okkar hefur bent á að nauðsynlegt sé að ganga betur um gámasvæðið okkar en gert er nú. Hann bendir einnig á að of algengt sé að fólk setji lausan pappír í ruslatunnur því að þegar hvessir vill allt fara af stað. Þetta eru atriði sem létt er að laga og taka tillit til.

Hrunamannahreppur sækir um verkefni til Svæðismiðlunar.

Hreppsnefnd hefur sótt um verkefni til Svæðismiðlunar Suðurlands. Þessi verkefni eru tengd atvinnuleysi í hreppnum en möguleiki er á að sama upphæð og atvinnuleysisbætur eru renni í sveitarsjóð en í staðinn verður fólk af atvinnuleysiskrá ráðið til ýmissa verkefna sem tengjast starfsemi hreppsins. Þetta hefur verið reynt víða um land og gefið góða raun. Nú er bara að vona að umsóknin hljóti náð fyrir augum Svæðismiðlunarinnar. Þessi verkefni gætu tengst félagsheimilinu, áhaldahúsinu og fleiri stofnunum hreppsins.

Öflugt félagsmálafólk

Félagslíf hér í hreppnum er með miklum ágætum og afar fjölbreytt. Í því eru hefðir sem eru eftirtektarverðar og til fyrirmyndar. Utanaðkomandi fólk undrast t.d. hve unglegir sumir karlarnir eru sem komnir eru yfir sjötugt. Þannig segir sagan að ákveðnir golfmenn hér hafi þurft að sýna skilríki þegar þeir komust á ellilífeyrir því að enginn trúði að þeir hafi náð þessum aldri. Hverjir ætli þetta séu?

Formenn sérsambanda

Svo haldið sé áfram í vísbendingaspurningum, eins og gerist í GETTU BETUR. Einn þessara unglegu manna, var formaður Héraðssambandsins Skarphéðins um langt skeið, með miklum ágætum og naut núverandi sveitarstjóri góðs af handleiðslu formannsins. Hver er maðurinn? Hins vegar eru nú þeir félagar, Reynir Guðmundsson, formaður Badmintonssambands Íslands og Jónas Egilsson formaður Frjálsíþróttasambands Íslands auk þess sem hann er í Evrópuráði mótanefnda frjálsíþróttasambanda Evrópu. Þannig lánum við félagsmálafrömuði héðan úr hreppnum í innanlandsstarf og Evrópustarf.

Forrit Þórunnar í Bryðjuholti

Fjölbreytni er alltaf að verða meiri og meiri í atvinnuháttum á landsbyggðinni. Þannig er bóndinn í Bryðjuholti hún Þórunn höfundur þess hugbúnaðar sem notaður er að hluta við Hitaveitu

Flúða og nágrennis. Þetta er auðvitað vísbending um breytta tíma og hægt er að vinna að fjölbreytilegum verkefnum út á landsbyggðinni. Það þarf hins vegar samgöngubætur í fjarskiptamálum hér ekki síður en í hefðbundnum samgöngum.

Skipulagsnefnd uppsveita Árnassýslu

Breytingar í skipulagsmálum hér í sveit hafa væntanlega ekki farið fram hjá íbúunum. Þannig fara nú öll skipulagsmál til skipulagsfulltrús, Arinbjarnar Vilhjálmssonar sem staðsettur er á Laugarvatni. Hilmar Einarsson er sem áður byggingafulltrúi hér í uppsveitum en ný skipulagsnefnd er setin af oddvitum í uppsveitum Árnassýslu.

Gamla tún.

Unnið er að undirbúningi að því að laga lagna og gatnakerfið í svokölluðu “gamla túni” sem er hluti af fyrstu byggðinni hér á Flúðum. Hagstætt tilboð hefur borist frá Gröfutækni ehf í verkefnið en unnið er að útvegum fjármagns til verksins. Ef gengið verður frá götunni varanlega verða einnig lögð gatnagerðagjöld á eignir sem eru við götuna. Haldinn verður fundur með íbúum götunnar í tengslum við þessar framkvæmdir verði farið út í þær. Víst er að verkefnið er brýnt.

Forvarnarstarf.

Hópur um forvarnarstarf hefur fundað nokkrum sinnum í vetur. Þar er á ferðinni öflug sveit áhugafólks um þessi brýnu mál, sem allir eiga að láta sig varða. Hópurinn hefur sett upp áætlun um ákveðin skref í þessum efnum sem hér fara á eftir: “Yfirmarkmið forvarnarstefnu Hrunamannahrepps er að stuðla að auknu heilbrigði og hamingju barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra. Megniverkefni forvarnarstefnunnar eru að skapa aðstæður sem líklegar eru til að hafa jákvæð áhrif og efla sjálfsmat barna og ungmenna með því að:

- Stuðla almennt að heilbrigðum lífsháttum og lífsviðhorfum.
- Koma í veg fyrir neyslu barna og ungmenna á vímuefnum með fyrirbyggjandi aðgerðum.

- Að auka fræðslu til foreldra og barna á leik- og grunnskólaaldri.
- Að styrkja félagasamtök og stofnanir sveitarinnar til virks forvarnaarstarfs.

Framkvæmd og fjármögnun:

- Forvarnarhópur starfar að því á næstunni að hvetja félagasamtök og stofnanir sveitarinnar að setja sér skilgreinda forvarnaráætlun
- Almenn er gert ráð fyrir því að sveitarsjóður leggi einnig fé til verkefna sem undirbúin eru fyrirfram og samþykkt af forvarnarhópi.
- Lagt er til að gert verði ráð fyrir ákveðinni upphæð til forvarnarmála í fjárhagsáætlun hreppsins.”

Aðilar að forvarnarstefnu Hrunamannahrepps eru: Flúðaskóli, Leiksólinn Undraland, Foreldrafélag Flúðaskóla, Foreldrafélag Leikskólans Undralands, Ungmennafélag Hrunamanna og Björgunarsveitin Eyvindur.

Ferðamálasamtök Íslands með námskeið

Ferðamálanefndin okkar hefur beðið um að bent sé á að Ferðamálasamtök Íslands hafa auglýst námskeið fyrir fólk í ferðaþjónustunni. Námskeiðið á Suðurlandi fer fram á Hellu. Það verður haldið fimmtudaginn 25. mars og stendur frá kl. 10.00 til 16.00. Farið verður yfir: Viðskiptaáætlanir, fjárhags- og rekstraráætlanir, fjármögnun og bankaviðskipti og bókhald og notkun þess. Þátttaka skráist hjá Eyju Þóru Einarsdóttur s. 899-5955 eða eyjate@simnet.is og er þátttökugjald kr. 2.500.-

Tveir Hrunamenn á þingi

Búnaðarþing er nýafstaðið. Við áttum svo sannarlega okkar fulltrúa á því. Vörðukórinn söng eins og englar við setningu þingsins þannig að það mátti sjá tár á hvörmum landbúnaðarráðherrans svo hrifinn varð hann svo ekki sé nú talað um alla hina sem voru við setninguna. Við áttum einnig tvo fullgilda fulltrúa á þinginu þá Sigurð Jónsson í

Ásgerði sem var fyrir skógarbændur og Helgi Jóhannesson sem er fulltrúi garðyrkjunnar á þinginu.

17. mars.

Er þjóðhátíðardagur Íra. Dagblaðið Tíminn hóf einnig göngu sína þennan dag og ekki nóg með það að miðvikudaginn 17 mars n.k. verður Ísólfur Gylfi Pálmason fimmtugur. Opið hús verður í félagsheimilinu Hvoli á Hvolsvelli frá kl 20.00 til 23.00.

Ungversk píanótónlist í Salnum

Miklós Dalma

píanóleikari

heldur einleikstónleika
í Tónlistarhúsinu Kópavogi
sunnudaginn 28. mars kl. 20:00

verk eftir Franz Liszt, Béla Bartók og
György Kurtág

Miðasala: 5 700 400



Kaffi-Sel, Golfskálanum að Efra-Seli

Fyrsta helgaropnun ársins verður um páskana eins og vant er.

Opið 9, 10, 11, og 12 apríl, frá kl 11.00 - 21:00

Næstu helgar út apríl verður opið sem hér segir
föstudaga frá 16:00 - 21:00

laugardaga frá 11:00 - 21:00

sunnudaga frá 11:00 - 20:00

ath Sumardaginn fyrsta verður lokað vegna
fermingar.

Síðan verður opnað að fullu í maí, nánar um
opnunartíma sumarsins síðar.

Gleðilegt Sumar !

Tölvuviðgerðir

Eru vandræði með tölvuna? Hrýs þér hugur við kostnaðarsömum viðgerðum?

Ég gæti kannski hjálpað þér. Hafðu samband áður en þú leitar lengra.

Sólmundur s. 821-2690

Jeppadekk

Til sölu 4 stk. 33" jeppadekk,
lítið slitin. Verð 15 þús.
Upplýsingar í síma 821-2690

Barnapía óskast í sumar.

Upplýsingar í síma 865-3577

Hef tekið að mér að vera umboðsmaður fyrir Hagfisk, sem sérhæfir sig í hágæða fiskafurðum.

Þið pantið og varan kemur heim.

Ingvar Guðmundsson

Miðfelli VI

Símar: 486-6650 og 899-9650

Frá Vörðukórnum

Þann 21.apríl nk.(síðasta vetrardag) verður kórinn með "danskt matar og menningarkvöld" í Félagsheimili

menningarkvöld" í Félagsheimili

Hrunamanna á Flúðum.

Takið þetta kvöld frá fyrir frábæra skemmtun.

Nánar verður auglýst síðar.

Vörðukórinn